

## REGLUR

### um breytingu (10) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Fyrsta málsgrein 103. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Til B.A.-prófs er krafist minnst 90 eininga að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum (3 einingar). Stúdent velur sér aðalgrein úr kennslugreinum þeim sem upp eru taldar í 2. mgr. 101. gr. og tekur í henni minnst 60 einingar. Einnig skal stúdent velja aukagrein úr sömu greinum og ljúka í henni 30 einingum. Stúdent er heimilt að ljúka 90 eininga námi í aðalgrein og sleppa aukagrein. Stúdent er einnig heimilt að ljúka 60 eininga námi í tveimur aðalgreinum, samtals 120 einingum, og skrifa B.A.-ritgerð í báðum greinum. Telst hann þá hafa lokið B.A.-prófi í tveimur greinum. Stúdent er heimilt með samþykki heimspekideildar að sækja aukagrein til annarra deilda. Ákveða má að hluti aðalgreinar eða aukagreinar sé valfrjáls námskeið. Heimilt er stúdent með leyfi skorar að sækja námskeið til annarra deilda. Minnst 5 einingar skulu felast í samningu lokaritgerðar.

#### 2. gr.

Aftast í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. 117. gr. kemur nýr liður (5) svohljóðandi:

Til M.Paed.-prófs í fræðigreinum deildarinnar. Prófgráðan M.Paed. er veitt fyrir 45 eininga nám og skulu 30 einingar teknar í raunvísindadeild og 15 einingar í félagsvísinda-deild, samkvæmt nánari reglum sem raunvísindadeild setur og háskólaráð staðfestir.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 28. júní 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

#### *Bakkagerði 1.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 8. maí 2002 samþykkt deiliskipulag nefnt Bakkagerði 1 í Fjarðabyggð. Um er að ræða íbúðarsvæði austan Oddnýjarhæðar og norðan Austurvegar á Reyðarfirði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Heiðarvegur - Efstagerði.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 23. maí 2002 samþykkt deiliskipulag nefnt Heiðarvegur – Efstagerði í Fjarðabyggð. Um er að ræða íbúðarsvæði norðan Hæðargerðis á Reyðarfirði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.